

---

# **RANNSÓKNASTOFNUN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI**

Pingvallastræti 23, Pósthólf 224, 602 Akureyri,

Sími 463-0570, Fax 463-0997

Netfang: [rha@unak.is](mailto:rha@unak.is)

Veffang: <http://www.unak.is/RHA>

---



## **AÐLÖGUNARREYNSLA NÝBÚA Á AKUREYRI**

***-viðtalsrannsókn-***

**Hekla Gunnarsdóttir**

---

**Apríl 2003**

---

# Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b><i>Inngangur</i></b>	<b>1</b>
<b>2</b>	<b><i>Framkvæmd</i></b>	<b>2</b>
<b>3</b>	<b><i>Nýbúar á Akureyri</i></b>	<b>4</b>
<b>3.1</b>	<b>Ástæða komu til Akureyrar</b>	<b>4</b>
<b>3.2</b>	<b>Innganga í kerfið</b>	<b>5</b>
3.2.1	Stofnanir Akureyrarbæjar	6
3.2.2	Atvinna	8
3.2.3	Útlendingastofnun	9
3.2.4	Alþjóðastofan	10
3.2.5	Skólakerfið	11
3.2.6	Heilbrigðiskerfið	12
<b>3.3</b>	<b>Ísland og íslenskan</b>	<b>13</b>
<b>3.4</b>	<b>Líðan á Akureyri</b>	<b>14</b>
3.4.1	Vinir og félagsleg aðstaða	15
3.4.2	Trúarbrögð	16
3.4.3	Fjölskyldusamskipti	17
3.4.4	Fordómar	18
<b>3.5</b>	<b>Sýn viðmælenda á stöðu nýbúa á Íslandi</b>	<b>19</b>
<b>3.6</b>	<b>Aðlögunarreynslan</b>	<b>20</b>
<b>4</b>	<b><i>Nokkrar hugleiðingar</i></b>	<b>23</b>
<b>5</b>	<b><i>Lokaorð</i></b>	<b>27</b>

## 1 Inngangur

Fjöldi nýbúa hefur verið að aukast á Íslandi á undanförunum árum og er Akureyri þar ekki undanskilin. Í nóvember síðastliðnum var Alþjóðastofunni á Akureyri formlega hleypt af stokkunum. Stofunni er ætlað að vera staður fyrir fólk af erlendu bergi brotnu, sjá um málefni þeirra og vera miðstöð þessa fólks. Það er Akureyrarbær sem rekur stofuna en er í samstarfi við fjölda aðila um einstaka mál sem stofan fær til sín.

Sú rannsókn sem hér fylgir á eftir er viðtalsrannsókn sem Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri gerði að beiðni Menntasmiðjunnar á Akureyri, sem hefur umsjón með Alþjóðastofunni. Rannsóknin var gerð meðal tíu einstaklinga sem falla undir hugtakið um nýbúa. Tilgangurinn er að fá dýpri innsýn inn í aðlögunarreynslu nýbúa á Akureyri, sérstaklega með það fyrir augum að bæta þjónustu bæjarins við þennan hóp.

Skýrslunni hér á eftir er skipt upp eftir þeim efnisatriðum sem lágu til grundvallar í viðtölunum. Þó er fyrst sagt frá viðmælendunum, hvaðan þeir koma og hvernig þeir voru valdir. Næsti kafli er megin kafli en í honum er fjallað um aðlögun nýbúanna á Akureyri. Þeim kafla er skipt niður eftir þeim atriðum sem rædd voru í samtölunum en þau eru; ástæða komu til Akureyrar, innganga í kerfið, Ísland og íslenskan, líðan á Akureyri og hvernig nýbúarnir sjá stöðu útlendinga á Íslandi. Að lokum er dregið saman úr kaflanum almennt um aðlögun á Akureyri. Hverjum kafla er skipt niður í undirkafla eins og þurfa þykir. Í fimmta kafla eru settar fram nokkrar hugleiðingar varðandi þetta málefni. Það er gert þar sem í viðtölunum gafst oft tækifæri til að hitta nýbúana á heimilum sínum, hitta fjölskyldur þeirra og sjá margt sem ekki kom fram í viðtölunum.

## 2 Framkvæmd

Alþjóðastofa sá um að hafa samband við viðmælendur sem voru valdir úr með tilliti til þjóðernis og heimshluta og menningarlegs bakgrunns. Áður en einstaklingar voru valdir var útbúinn listi yfir lönd, þeim skipt í hópa og reyna átti að tala við einn fulltrúa úr hverjum hóp. Þessir tíu hópar voru eftirfarandi:

- ✓ Afríka – (Ghana, Namibía og Grænhöfðaeyjar)
- ✓ Norðurlöndin
- ✓ Filippseyjar
- ✓ Taíland
- ✓ Bandaríkin og Kanada
- ✓ Eystrasaltlöndin og fyrrum lýðveldi Sovétríkjanna
- ✓ Rússland og Pólland
- ✓ Slóvenía
- ✓ Vestur-Evrópa
- ✓ Rómanska Ameríka

Þetta var listinn eins og lagt var upp með og hann stóðst að mestu en þó voru þær undantekningar að ekki var rætt við neinn frá Slóveníu en viðmælandi var fenginn frá Eystrasaltlöndunum og frá Azerbadjan sem er eitt af fyrrum lýðveldum Sovétríkjanna, þannig að rætt var við tvo úr þeim hópi.

Auk þess að vera fulltrúar einhverra ofanefndra hópa var reynt að láta viðmælendur uppfylla þau skilyrði, að vera á aldrinum 20-45 ára, að hafa búið á Íslandi í 1-4 ár og einnig var reynt að hafa kynjaskiptingu sem jafnasta og að um helmingur viðmælenda ætti börn. Þetta var þó ekki hægt að uppfylla alveg og raunin varð sú að rætt var við þrjá karlmenn og sjö konur og rúmur helmingur, eða sex einstaklingar, áttu börn. Af þeim var aðeins einn sem átti börn á grunnskólaaldri.

Helmingur viðtalanna fór fram á íslensku og þar af eitt þeirra með túlki en hinn helmingurinn fór fram á ensku. Mjög misjafnt var hvernig íslenskukunnáttu viðmælenda var háttað en sumir höfðu náð ótrúlega góðu valdi á málinu þrátt fyrir að hafa aðeins verið hér í tvö ár.

Sú menntun sem viðmælendur höfðu var mjög mismunandi, nokkrir höfðu háskólapróf, aðrir einhver starfsréttindi en flestir þó aðeins það sem kalla mætti grunnmenntun. Þeir sem höfðu háskólapróf voru að þreifa fyrir sér varðandi það að fá nám sitt og reynslu metna þannig að þeir geti starfað við sitt fag hérlendis. Þar var það þó helst tungumálið sem stóð í vegi fyrir því. Það var þó einn af þeim sem var með háskólapróf sem var í vinnu sem hæfði hans menntun.

Það var lagt upp með viðtalsvísi í viðtölin sem skiptist í raun í tvennt, annars vegar um almennan bakgrunn, uppruna, menntun, aðstaða í heimalandi, ástæður fyrir komu til Íslands, maki, börn og fleira í þeim dúr. Hinn hlutinn var félagslegur bakgrunnur, þar var farið í atriði eins og hvernig gekk að skrá sig inn í landið, fá dvalarleyfi, atvinnuleyfi, þekkingu á bótarétti, íslenskunám, félagslíf, samskipti við opinbera aðila vegna barna s.s. leikskólakennara og grunnskólakennara. Þó var það misjafn eftir viðmælendum hvaða atriði voru mest rædd í hverju viðtali fyrir sig. Viðmælendurnir voru nokkuð látnir ráða ferðinni í viðtölunum til að fram kæmu þau mál sem lágu þeim helst á hjarta.

### 3 Nýbúar á Akureyri

Þau atriði sem talin eru hafa áhrif á það hvernig nýbúum gengur að aðlagast hér voru talin helst vera: Ástæða komu til Akureyrar, innganga í kerfið, Ísland og íslenskan og líðan á Akureyri. Þetta eru ennfremur kafla heitin hér á eftir og hverjum kafla er svo skipt niður í undirkafla eins og þurfa þykir. Í lok kaflans verður svo tæpt á öðrum helstu atriðum sem voru rædd í viðtölunum og dregið saman almennt um aðlögunarreynslu nýbúa á Akureyri.

#### 3.1 Ástæða komu til Akureyrar

Þeir tíu einstaklingar sem rætt var við komu til Akureyrar af ýmsum ástæðum. Þeir fluttu til Akureyrar til að stunda nám, fluttu hingað með maka sem er úr bænum, fluttu með hjónaband í huga eftir að hafa kynnst maka erlendis eða í gegnum bréfaskriftir og sumir fluttu vegna þess að þeir gátu fengið vinnu í gegnum ættingja sem þegar voru á staðnum.

Sá sem stundar háskólanám valdi að koma til Akureyrar þar sem nám í iðjuþjálfun var í boði hér. Þetta nám er þó í boði í heimalandinu en vildi prófa eitthvað nýtt því eins og kom fram í samtalinu: „ Akureyri eru nægjanlega líkur bær og heimabærinn minn til að ég fái ekki heimþrá en um leið nógu mikið öðruvísi til að vera spennandi”.

Þau þrjú sem fluttu til Akureyrar með maka sínum höfðu öll kynnst þeim í sínu heimalandi og í einu tilfelli gift sig þar og búið þar um tíma áður en ákvörðun um flutning til Íslands var tekin. Sú ákvörðun að flytja til Íslands fannst þeim nokkuð eðlileg þar sem þau sáu fram á að geta veitt börnum sínum meira á Íslandi. Hin þörin sem kynntust erlendis hafa svipaðan bakgrunn. Í öðru tilfallinu var komið að lokum dvalartíma hjá Íslendinginum og þá var bara að hrökkva eða stökkva fyrir makann og það var ákveðið að slá til og fara með. Í hinu tilfallinu þá var ákveðið að ljúka

sambandinu þegar Íslendingurinn fór heim, en nokkrum mánuðum seinna var það tekið upp aftur og þau eru gift í dag og búa á Akureyri.

Þrjár konur komu með hjónaband í huga. Tvær af þeim höfðu kynnst mönnunum hérlendis, þegar þær voru hér í heimsókn, fóru svo heim aftur að ganga frá pappírnum og komu svo til Akureyrar og giftu sig. Annað þessara hjónabanda gengur enn en hinu lauk með skilnaði fyrir nokkru. Sú þriðja hafði kynnst manningnum í gegnum bréfaskriftir og símtöl þannig að búið var að ákveða hjónaband þegar hún kom.

Það voru svo þrír einstaklingar, tveir karlmenn og ein kona, sem komu þar er þeim hafði verið útveguð vinna af ættingjum þeirra eða vinum sem þegar bjuggu á Akureyri. Konan er nú gift Íslendingi og bíður eftir að fá íslenskan ríkisborgararétt, annar maðurinn hefur eignast hér barn en er ekki í sambúð með móðurinni en vill þó vera hér áfram til að vera samvistum við barn sitt og hinn kom með erlendri konu sinni og er núna að vinna í því að hún fái atvinnuleyfi hérlendis.

### 3.2 Innganga í kerfið

Þegar hér er rætt um inngöngu í kerfið er átt við að fólk fái kennitölu, skrái lögheimili, fái vinnu og dvalarleyfi og þess háttar. Hér er sérstaklega fjallað um það þegar nýbúar eru að koma inn í kerfið á Akureyri, hvernig það gekk almennt og hvort þeir fengu hjálp við það að einhverju leyti. Í einhverjum tilfellum átti þó mest öll pappírsvinnan, varðandi inngöngu í kerfið, sér stað í Reykjavík áður en viðkomandi kom til Akureyrar.

Allir höfðu einhvern íslenskan eða íslenskumælandi aðila til að aðstoða sig við að koma sér inn í kerfið. Þetta var maki, eða væntanlegur maki, í flestum tilfellum eða þá vinur eða ættingi. Það voru flestir á því að þegar kom að skráningu inn í íslenska kerfið hafi verið lítið mál að eiga við starfsfólkið á skrifstofunum, það legði sig fram um að skilja nýbúana og greiða úr erindum þeirra. Það sem skipti mestu við að hafa Íslending til að hjálpa sér var að vita hvert ætti að fara. En aðstoðin sem bauðst á hverjum

stað var einskorðuð við þá þjónustu sem var í boði á þeim stað. Þannig voru aldrei boðnar neinar aukaupplýsingar, ef svo má að orði komast, engar upplýsingar um íslenskunámskeið eða boðnir neindir bæklingar sem gerðir hafa verið sérstaklega fyrir nýbúa. Íbúaskrá Akureyrar skráði þannig bara niður heimilisföngin, Vinnumiðlunin sá um atvinnuleyfið og svo framvegis.

Einn af viðmælendum þurfti að leita á náðir Rauða krossins í Reykjavík til að fá aðstoð varðandi endurnýjun á dvalarleyfi en að öðru leyti hafði enginn af viðmælendum leitað til þeirra aðila, sem sérstaklega sjá um málefni nýbúa; þ.e. Alþjóðastofunnar á Akureyri eða Alþjóðahússins í Reykjavík, varðandi inngöngu í kerfið.

Flestum fannst að móttökurnar í kerfinu væru allt í lagi og þó var einn sem hafði þetta að segja um hvernig hann hefði upplifað móttökuna inn í kerfið: „Í fyrsta sinn á ævinni leið mér eins og útlendingi, ég hef oft unnið um lengri eða skemmri tíma erlendis en aldrei liðið eins og útlendingi fyrr en ég kom hingað“. Þetta var þó maður sem er frá Evrópu og ekki frábrugðinn Íslendingum útlitslega séð.

### 3.2.1 Stofnanir Akureyrarbæjar

Enginn viðmælenda sagðist hafa lent í neinum vandræðum við að koma sér inn í kerfið á Akureyri. Á þeim opinberu stofnunum sem fólk þurfti að leita til þá hefðu samskiptin gengið vel þrátt fyrir að útlendingarnir kynnu oft lítið í ensku og enn minna í íslensku. Þetta hafði alltaf gengið á endanum.

Mörgum enskumælandi kom þó á óvart hversu fáir töluðu ensku á Íslandi, þ.e. töluðu hana þannig að hægt væri að eiga samræður við fólk. Þau höfðu heyrt að á Íslandi töluðu allir ensku en sú var ekki raunin, þvert á móti, vantaði mikið upp á að allir töluðu ensku. Mjög margir sögðust tala ensku en þegar á reyndi kom í ljós að þeir rétt gátu stautað nokkrar setningar.



Hins vegar hefði nýbúunum aldrei verið bent á neitt meira, aldrei réttar neinar upplýsingar um íslenskunám eða Alþjóðastofuna svo dæmi séu nefnd. Raunin var sú að meirihluti viðmælenda hafði heyrt um Alþjóðastofuna í gegnum vini og kunningja eða heyrðu í fyrsta sinn um Alþjóðastofuna þegar Verkefnisstjóri í málefnum nýbúa hafði samband við þá og það þá að taka þátt í þessari rannsókn.

Hvað varðar bæklinga um réttindi í íslenska trygginga og bótakerfinu þá hafði um helmingur þeirra ekki fengið neina bæklinga á sínu móðurmáli þrátt fyrir að til séu bæklingar á nokkuð mörgum tungumálum. Þannig virtist sem að þeir sem áttu íslenskan maka voru taldir fullfærir með þá hjálp og þurftu ekki neina bæklinga um réttindi sín. Þeir gátu þá bara spurt sína íslensku maka sem áttu að þekkja íslenska kerfið.

Helstu vandræðin sem fólk hafði lent í varðandi stofnanir Akureyrarbæjar var að starfsmenn þeirra gátu ekki veitt þá þjónustu sem leitað var eftir á þeim tiltekna stað og voru ekki vissir um hvert ætti að fara til að leita eftir þeirri þjónustu. Þetta voru þó í flestum tilfellum smávægileg vandamál og það má velta því fyrir sér hvort um sé að ræða vandamál sem aðeins nýbúar eigi við að glíma eða hvort um sé að ræða hluti sem hinn almenni Akureyringur þarf líka að glíma við í daglegum samskiptum sínum við stofnanir Akureyrarbæjar!

Það kom einnig fram að mikið af starfsfólki á opinberum stofnunum virtist ekki veita meiri upplýsingar en það þurfti og oft vissi það ekki neitt meira en það sem laut beint að þeirra starfi.

En þó var ein sem hafði lent í talsverðum vandræðum og þurfti mikið að leita til Akureyrarbæjar eftir aðstoð og var afskaplega fegin hve mikla hjálp hún fékk frá bænum, m.a. fjárhagslega, því svona hjálp fengi hún aldrei í sínu heimalandi. Þar hefði hún neyðst til að fara út á götu og betla ef hana vantaði pening.

### 3.2.2 Atvinna

Þar sem einn af viðmælendum er námsmaður, og því ekki í hefðbundinni vinnu er honum sleppt úr í umfjölluninni í þessum kafla. Allir sem rætt var við höfðu vinnu og sá eini sem ekki hafði vinnu var að bíða eftir að fá atvinnuleyfi. Eins og fram kom hér að framan þá var einn af nýbúunum sem rætt var við með háskólapróf og var að vinna samkvæmt sinni menntun. Allir aðrir viðmælendur, sem voru í vinnu, voru að vinna það sem kalla má hefðbundin verkamannastörf hjá fyrirtækjunum, Strýtu, Kjarnafæði, Norðlenska, Skinnaiðnaði, Hymu og Vífilfelli.

Allir nýbúarnir virtust vera vel liðnir starfskraftar og yfirmenn þeirra mjög liðlegir með að aðstoða þau varðandi atvinnuleyfi og þess háttar.

Það var einungis einn af nýbúunum sem hafði lent í því að vera kominn með atvinnuleyfi en vera atvinnulaus um lengri tíma. Enginn annar hafði lent í því og þegar þeir voru inntir eftir því hvort þeir vissu um útlendinga með atvinnuleyfi sem væru atvinnulausir á Akureyri þá vissi enginn um slíkt dæmi.

Af þeim sem voru að vinna verkamannastörf voru tveir með háskólagráðu en gátu ekki unnið við sína menntun vegna vankunnáttu í íslensku. Annar af þeim var að vinna í því að láta þýða prófskírteinin sín og þess háttar til að eiga möguleika seinna meir að fá vinnu samkvæmt menntun. Hinn virtist ekki hafa mikinn áhuga á að fá vinnu við hæfi menntunarinnar en var þó á skrá hjá fyrirtækjum sem ættu að þurfa einstaklinga með þá menntun sem hann var með.

Það kom á óvart að þeir sem voru núna að vinna verkamannastörf héraðs, höfðu verið í „betri“ vinnu í heimalandinu, að þeirra mati, en voru þó með miklu lægri laun þar en þau fengu núna. Þannig hafði ein unnið í móttöku á hóteli, önnur var tölvuritari og ein þjónustustúlka svo dæmi séu tekin. Launin virtust því skipta mjög miklu og jafnvel meira en að vinna áhugavert starf.

Tveir af viðmælendunum sýndu mikinn áhuga á því að fara í háskóla á Íslandi og geta að námi loknu fengið betri vinnu en þeir voru í.

### 3.2.3 Útlendingastofnun

Í viðtölunum töluðu viðmælendurnir allir um Útlendingaeftirlitið, en þar sem nýverið var breytt um nafn á stofnuninni og hún heitir nú Útlendingastofnun, þá verður það nafn notað hér. Útlendingastofnun var eini þátturinn þar sem fólk hafði almennt lent í vandræðum eða hafði yfir einhverju að kvarta. Aðalavandamálið sem flestir nefndu var að mál væru svo lengi að fá afgreiðslu hjá stofnuninni en einnig var kvartað var yfir því hve erfitt væri að eiga við starfsfólkið hjá Útlendingastofnun og að það væri mjög óliðlegt.

Þannig kom fram sú skoðun að þeir hjá Útlendingastofnun virtust ekki gera sér grein fyrir því að þeir sem flyttu til landsins ættu fjölskyldur erlendis sem vildu fá að heimsækja ættingja sína hérlendis. Það væri afskaplega mikið mál að fara í gegnum það ferli auk þess sem krafan um að leggja fram talsvert magn fjármuna til að tryggja að hægt væri að sjá fyrir gestunum væri út í hött. Þetta þyrfti ekki að gera annars staðar. Hjá Útlendingastofnun væri alltaf gert ráð fyrir því að ættingjarnir væru þá að flytja hingað, þ.e. sögðust ætla að koma í frí en væru að reyna að komast inn í landið. Sjálfsagt væri það raunin með einhverja en alls ekki meirihlutann og það væri erfitt að þurfa að standa í miklu stappi til að fá ættingja sína í heimsókn.

Annars voru skoðanir mjög skiptar og viðmælendur báru Útlendingastofnun því misjafna sögu. Það komu fram nokkuð hörð orð í garð stofnunarinnar og sumir gengu svo langt að kalla yfirmanninn kynþáttahatara, starfsmennina óhjálplega og að stofnunin væri almennt mjög óvinalæg stofnun sem virtist sem minnst vilja fyrir útlendinga gera. Aðrir töluðu um að beita yrði ákveðinni lagni til að eiga við starfsmenn stofnunarinnar svo málin gengu hraðar í gegn.

Þó voru aðrir sem reyndu að vera jákvæðir í garð Útlendingastofnunar og sögðu að starfsfólkið þar væri allt af vilja gert en samt væri mjög skrýtið hvað hlutirnir virtust þurfa að taka langan tíma þar. Sumum fannst eins og þetta væri eitthvað sem yrði að vera svona þótt þeir skyldu ekki hvers vegna.

Þeir sem stóðu í því að reyna að fá ættingja í heimsókn til sín voru þó orðnir langþreyttir á því að biða eftir með svörum með hvort leyfið fengist, þannig höfðu sumir af viðmælendunum staðið í bréfaskriftum fram og til baka við stofnunina í allt að tvö ár varðandi heimsóknir ættingja.

### 3.2.4 Alþjóðastofan

Eins og fram kom hér að ofan þá var það verkefnisstjóri Alþjóðastofunnar sem hafði samband við nýbúana varðandi þátttöku þeirra í þessari rannsókn. Sumir viðmælendanna sögðu að í því símtali hefðu þeir fyrst heyrt um Alþjóðastofuna.

Þannig voru það ekki allir nýbúarnir sem höfðu nýtt sér þjónustu Alþjóðastofunnar á Akureyri. Sumir höfðu heyrt um hana en virtust ekki vita hvað stofan gerir eða hvert hlutverk hennar er.

Þeir sem höfðu þurft að leita aðstoðar í Alþjóðastofunni eða þekktu til starfssemi hennar töldu hana mjög gott framtak Akureyrarbæjar til að aðstoða nýbúa. Alþjóðastofan er vettvangur fyrir aðstoð við nýbúa af hálfu Akureyrarbæjar, en vandamálið virðist vera að tilvist Alþjóðastofu hefur ekki komist nægilega vel til skila. Þannig voru engar upplýsingar gefnar um Alþjóðastofuna og starfsemi hennar hjá t.d. íbúaskrá Akureyrarbæjar eða öðrum stofnunum sem fólk þarf að leita til við komuna til bæjarins.

Nokkrir höfðu heyrt um Alþjóðastofuna eftir að hafa komið á íslenskunámskeið hjá Menntasmiðjunni en flestir höfðu séð auglýsingu Menntasmiðjunnar um námskeiðið í Dagskránni.

Einungis einn af nýbúunum hafði fengið upplýsingar um Alþjóðastofuna hjá Akureyrarbæ. Þær upplýsingar hafði hún fengið eftir að hafa ítrekað komið til að leita aðstoðar hjá bænum varðandi sín málefni.

Eitt af því sem Alþjóðastofan sér um er að útvega túlka þegar þess er þörf, hins vegar hafði engum af viðmælendum mínum verið bent á þann möguleika þegar þeir voru að koma til Akureyrar í upphafi. Einungis örfáir af viðmælendunum höfðu nýtt sér þennan möguleika. Flestir áttu vini eða kunningja sem tala þeirra tungumál og svo íslensku og því var frekar leitað til þeirra heldur en Alþjóðastofunnar um að túlka.

### 3.2.5 Skólakerfið

Í Oddeyrarskóla hefur nú um tveggja ára skeið verið starfrækt nýbúadeild Grunnskóla Akureyrarbæjar. Í þessari deild fá börn nýbúa sérstaka aðstoð við að aðlaga sig íslenska skólakerfinu. Miðað er við að börn séu í þessari deild í tvö ár og eigi að þeim tíma loknum að vera því sem næst fullfær um að fylgja sínum jafnöldrum í hefðbundnu námi.

Þar sem einungis einn af viðmælendum í þessari rannsókn átti börn á grunnskólaaldri gerir það þennan kafla nokkuð einsleitán þar sem hann byggir á reynslu hjóna sem eiga tvö börn í sama bekk í grunnskóla.

Þessi tvö börn koma inn í nýbúadeildina um leið og hún tók til starfa. Að mati foreldra þeirra hefur þessi deild verið ómetanleg þar sem börnin hafa fengið alla þá aðstoð sem þau hafa þurft þar sem móðir þeirra talaði ekki íslensku og gat ekki veitt þeim þessa aðstoð. Eins og hjónin segja: „Þessi nýbúadeild er mjög mikilvæg og getur skipt öllu fyrir þessa krakka, okkar börn líta á þetta sem eins konar ankeri og þetta var þeim ómetanlegt sérstaklega í upphafi en núna eru þau að sjóast og verða meira sjálfbjarga.., Þau séu í góðu sambandi við bekkjarkennara barnanna sem og kennarann í nýbúadeildinni. Þessi aukna aðstoð í formi nýbúadeildarinnar hafi orðið til þess að krökkunum er núna treyst til að fara inn í hefðbundinn íslenskan

þekk og fylgja honum í náminu án aðstoðar. Áfram eigi þó að fylgjast með þeim og grípa inn í ef komi í ljós að þau eigi í vandræðum.

Einn af nýbúunum átti barn sem er að hefja grunnskólanám í haust og mun fara í Oddeyrarskóla og þar með ganga inn í nýbúadeildina þar. Þar sem það barn er ekki orðið altalandi á íslensku finnst foreldrunum gott að vita til þess að barnið gangi inn í deild eins og nýbúadeildina þar og fái þar með alla þá aðstoð sem það þurfi til að geta bjargað sér í skólanum.

Þeir sem áttu börn á leikskólum bæjarins eða hjá dagmæðrum létu öll vel af því og sögðu samskiptin við starfsfólkið án nokkurra vandkvæða.

### 3.2.6 Heilbrigðiskerfið

Það höfðu allir einhverja reynslu af heilbrigðiskerfinu en virtust þó ekki vita hvernig það virkaði. Þannig vissu nokkrir ekki af heilsugæslustöðinni og höfðu farið á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri þegar þeir þurftu á læknishjálpi að halda og þurft þá að borga talsvert mikið fyrir læknisheimsóknina.

En allir voru á því að íslenska heilbrigðiskerfið væri jafngott eða miklu betra en í þeirra heimalandi, og í þeim tilfellum sem það var jafngott og í heimalandinu þá var það ódýrara hér sem var ótvíræður kostur að mati viðmælendanna.

Nokkrar af konunum höfðu lagst inn á sjúkrahús hérlendis til að eiga börn og höfðu ekki neitt nema gott um það að segja. Þeirri sem kom frá Filippseyjum fannst líka gott að vita af því að það væri ljósmóðir fædd og uppalin á Filippseyjum að vinna á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri .

Þeir sem töluðu ekki íslensku eða ensku sögðu að í þau skipti sem þau hefðu þurft að eiga við heilbrigðisstarfsmenn hefðu þeir í öllum tilfellum lagt sig fram um að nýbúinn skildi það sem væri verið að ræða, teiknað eða notað táknmál til að útskýra mál sitt.

### 3.3 Ísland og íslenskan

Allir viðmælendur nema einn höfðu farið á íslenskunámskeið og var það mismunandi hversu mörg námskeið þau höfðu farið á. Þannig höfðu sumir farið á allt að fimm námskeið meðan aðrir höfðu farið á eitt. Fjöldi námskeiða hafði hins vegar ekkert að segja varðandi það hvernig nýbúunum gekk að læra íslensku. Sem dæmi var sá eini sem ekki hafði farið á íslenskunámskeið einn af þeim sem talaði hvað besta íslensku. Sá hinn sami hafði lært í vinnunni og af föður sínum, sem hefur verið búsettur á Íslandi í 14 ár. Starf nýbúans krafðist þess að hann talaði íslensku og hann gat ekki reiknað með að sjá árangur af starfi sínu nema hann talaði góða íslensku. Þetta er gott dæmi um það að hugarfarið og áhugi á að læra málið hafði miklu meira að segja varðandi það hvernig fólki gekk að ná valdi á íslenskunni heldur en fjöldi námskeiða.

Það kom einnig fram sú skoðun að margir sem væru að læra íslensku, hættu að læra hana þegar þeir gætu orðið gert sig skiljanlega og virtust ekki hafa áhuga á að ná fullu valdi á málinu. Það skal þó tekið fram að þessi skoðun kom frá einum af þeim sem talaði íslensku hvað best, og sá hinn sami sagði ennfremur: „ Mér finnst það ákveðið virðingarleysi gagnvart þjóðinni að vilja ekki læra málið eins vel og hægt er”

Á Akureyri hefur hingað til verið hægt að fara á íslenskunámskeið annars vegar í Verkmenntaskólanum og hins vegar í Menntasmiðjunni. Þeir sem höfðu farið á íslenskunámskeið á báðum stöðum voru flestir á því að námskeiðin í Menntasmiðjunni væru betri, þar væru færri í hóp og hver einstaklingur fengi meiri athygli frá kennaranum. Þeir sem höfðu bara farið á námskeið í Verkmenntaskólanum voru þó ánægðir með þau. En það hafði einnig áhrif á íslenskunám margra að þeir höfðu ekki efni á námskeiðunum, en þó skal það tekið fram að sumum fannst þau hræódýr, miðað við hvað þau fengu út úr námskeiðinu.

Það var skoðun þeirra sem höfðu náð góðu valdi á íslenskunni að þeir teldu sig þurfa að tala hana vel til að geta átt góð og mikil samskipti við Íslendinga og þar með komast betur inn í samfélagið.

Það var einnig rætt hvort makar nýbúanna, þ.e. makarnir sem væru íslenskir, væru að læra tungumál nýbúanna en svo var ekki. Þó var áhugi á því hjá einum maka og í þrem tilfellum þá töluðu íslensku makarnir nú þegar móðurmál maka sinna. Það virtist segja mikið til um sambandið hvort það væri byggt á tryggum grunni ástar og væntumþykju, hvernig þessum málum var háttað. Þar sem stofnað var til sambandsins í heimalandi nýbúans þá virtist íslenski makinn frekar læra móðurmálið heldur en annars.

Einnig breytti það miklu varðandi íslenskukunnáttuna hversu duglegir makarnir væru að tala íslensku við nýbúamakann sinn. Þannig breytti það miklu ef menn höfðu þriðja tungumál t.d. ensku til að tala saman á þegar voru erfiðleikar með íslenskuna eða móðurmál nýbúans.

Flestir sögðust einnig læra íslensku mikið í vinnunni, þannig væru samstarfsmennirnir oft íslenskir að meirihluta og væru duglegir að tala við þá og þannig lærðu þeir líka. Eins og ein sagði: „Ég hef alltaf talað mjög mikið og það breytist ekki þótt ég sé að læra nýtt tungumál. Það hefur bara hjálpað mér þar sem ég er óhrædd við að segja nokkuð þótt ég viti að það geti verið vitlaust. Ég bara læt allt flakka og er þá leiðrétt og raunin er sú að ég er að læra meiri og meiri íslensku og það kemur sjaldnar og sjaldnar fyrir að ég er leiðrétt.“

Þó var undantekningin sú að þeir sem töluðu ensku lentu oft í því að samstarfsmennirnir vildu æfa sig í ensku og töluðu því bara ensku við þá en ekki íslensku.

### **3.4 Líðan á Akureyri**

Allir sem rætt var við leið vel á Akureyri og flestir sáu bæinn sem framtíðarbúsetustað sinn. Undantekningin var þó annars vegar námsmaðurinn og hins vegar sá sem kom með konunni sinni og hjónin þar með bæði nýbúar. Aðstæður og umhverfi á Akureyri var alltaf betra en það



sem var í boði í heimalandi þeirra, og þá á öllum sviðum, nema veðurfarslega.

Það var ekki mikið neikvætt sem nefnt var varðandi Akureyri en það sem helst kom fram var að bærinn væri dálítið íhaldssamur, en þó ekki gamaldags, en bæjarbúar mættu gera sér meira til skemmtunar og þá sérstaklega í miðri viku. Bærinn væri yfirgefinn á virkum kvöldum en svo yrði allt vitlaust um helgar, og þá væru menn ekki að fara út að skemmta sér kannski fyrr en um miðnætti.

Margir sögðust líka sakna sérstaklega fjölskyldu sinnar sem var enn í heimalandinu, en einnig nefndu menn sólina og hitann í heimalöndum nýbúanna, sem væru mun meiri en á Íslandi. Það voru líka margir sem voru vonsviknir yfir því hvað kerfið á Íslandi gerði mörgum erfitt fyrir að fá ættingja sína í heimsókn. Þannig höfðu nokkrir verið að reyna í allt að tvö ár að fá leyfi fyrir ættingja sína til að koma í heimsókn í mánaðartíma. Fólki fannst eins og það væri alltaf lítið á útlendinga sem kæmu til landsins sem innflytjendur þ.e. að allir vildu komast inn í landið til að vera. Það væri bara ekki raunin og yfirleitt væri þetta fólk sem væri ánægt í sínum heimalöndum og vildi bara koma til að heimsækja ættingja sína héraðs.

### 3.4.1 Vinir og félagsleg aðstaða

Í samtölunum var reynt að tala um vini og félagslíf, þ.e. hvort nýbúarnir væru nokkuð einangraðir á heimilum sínum og gerðu lítið annað en að vinna og vera heima.

Raunin var sú að flestir sögðust eiga vini á Akureyri sem þeir umgengust reglulega og einhverjir áttu vini í Reykjavík sem þeir fóru reglulega að heimsækja. Það var þó algengast var að fólk umgekkst mest fólk frá sínum heimalandi. Þannig sagði ein: „Allar mínar vinkonur frá barnæsku eru héra á Akureyri og hafa gifst íslenskum karlmönnum.” Nokkrir höfðu leitað uppi fólk sem var frá sama landi og það og kynnst þeim.

Ástæðan fyrir því að leitað væri í félagsskap útlendinga var oft söknuður eftir að tala móðurmál sitt. Þannig sagðist ein eiga bæði íslenska vini og útlenska en: „Finnst svo gaman að tala spænsku og þess vegna leita ég meira í félagsskap þeirra sem tala það mál, en hins vegar á ég góða vinkonu frá Thailandi og við tölum saman á íslensku”.

Þó voru margir sem áttu vini bæði meðal Íslendinga og útlendinga. Af þeim tíu einstaklingum sem talað var við áttu aðeins þrír íslenska vini sem þeir umgengust reglulega. Þessir þrír einstaklingar voru allir frá löndum í Evrópu sem að mörgu leyti eru ekki ólík Íslandi svo það má leiða líkur að því að það sé atriði sem geti skipt máli, þ.e. að menningarlegur bakgrunnur sé svipaður.

Þeir sem áttu íslenska vini sögðu að ekki hefði verið erfitt að kynnast Íslendingum, en þó hefðu þeir orðið að sýna ákveðið frumkvæði í þeim samskiptum, eins og einn komst að orði: „Þú verður að fara út og bera þig eftir því að eignast vini, og þeir vinir sem ég hef eignast eru góðir vinir. Þetta hefur kannski eitthvað með samfélagið að gera, það er svo lítið að menn þurfa hver á öðrum að halda.”

### 3.4.2 Trúarbrögð

Í samtölunum kom fram að trúarbrögð skipta fólki ekki mjög miklu máli. Meirihlutinn var kristinnar trúar en þó voru tveir múslimar og tveir búddistar. Viðmælendurnir voru almennt ekki mikið iðkandi þ.e. mættu ekki reglulega í kirkju, moskur eða hof eða sóttu athafnir eða báðust fyrir með öðrum af sömu trú.

Það var þó helst annar músliminn sem saknaði þess að geta ekki farið í mosku, búddistarnir sögðust vera með allt sem þeir þyrftu heima hjá sér ef þeir vildu biðjast fyrir eða hugleiða. Þeir sem voru kristnir sögðust geta farið í messur hér á Akureyri, annað hvort í Akureyrar- eða Glerárkirkju eða kaþólsku kirkjunni.

En jafnvel þótt að músliminn segðist sakna þess að geta ekki farið í moskur og beðist fyrir með trúbræðrum sínum þá var það honum ekki meira hugleikið en svo að hann tók það ekki nærri sér þó að sonur hans væri skírður inn í íslensku þjóðkirkjuna og yrði að öllum líkindum ekki múslimi. Búddistarnir voru helst þeir sem gátu verið í tilbeiðslu eða bænum heima hjá sér

Það var þó þannig að menn sögðust ekki leita í kirkjuna eftir sáluhjálpi eða styrk. Þeir sem höfðu farið í kirkju höfðu farið um jólin og það var þá meðal annars einmanakennd sem rak þá þangað. Eins og kom fram hjá einni, hún þekkti sálmana sem sungnir voru þótt hún skildi ekki textana og hún sagði: „ Það var mikið skárra að fara í kirkju og sjá eitthvað fólk en að sitja hérna heima, ég og sonurinn, og sakna fjölskyldunnar. “

Þannig höfðu allir sem ekki voru kristinnar trúar gengið inn í þá siði hér á landi, þ.e. haldið jól og aðrar hátíðir að hætti kristinna.

Þau börn sem höfðu fæðst hér á Íslandi tóku flest ríkistrúna á Íslandi en fylgdu ekki trúarbrögðum mæðra sinna frá heimalandinu. Þrátt fyrir það kom fram að börnin fengju að velja sér trú þegar að þeim tíma kæmi, en flestir reiknuðu með að þau myndu velja kristna trú. Einnig þá höfðu öll hjónabönd verið í íslensku þjóðkirkjunni þrátt fyrir að annar aðilinn væri búddisti eða múslimi.

Sú eina sem er kaþólskrar trúar er í kaþólska söfnuðinum hérna á Akureyri. Að hennar mati höfðu trúarbrögðin ekki mjög mikil áhrif á samfélagið hvorki hér né í heimalandi hennar. Það væri lítill munur milli kaþólsku og lútersku kirkjunnar svo þetta ætti ekki að skipta máli.

### 3.4.3 Fjölskyldusamskipti

Flestum fannst gott að koma inn í íslensku fjölskylduna en margir fundu þó mikinn mun á henni og því samskiptamynstri sem er á milli meðlima fjölskyldunnar í heimalandinu. Þannig voru mörg atriði sem komu á óvart

og fólk var greinilega ekki vant frá sínu heimalandi. Sem dæmi má nefna að margir voru hissa á hversu mörg pör byggju saman án þess að vera gift.

Einnig kom mörgum á óvart hversu lítil fjölskyldusamskiptin væru milli aðila innan sömu fjölskyldunnar sem býr öll á sama stað. Þannig sagði ein: „Þegar ég var heima var mér alveg um og ó hvað systur mínar og frænkur komu mikið í heimsókn en hér á Íslandi er mér alveg um og ó hvað ættingjar mannsins míns koma lítið að heimsækja okkur og aðra ættingja,..“

Jafnvel þeir sem töluðu nánast enga íslensku og eða enga ensku og komu inn í fjölskyldur þar sem allir gátu bara talað íslensku sögðu að vel hefði gengið að aðlagast inn í fjölskylduna. Spurning hvort nokkur reynsla sé komin á aðlögunina þar sem samskiptin eru svo takmörkuð enn sem komið er.

#### 3.4.4 Fordómar

Fæstir viðmælendanna höfðu fundið fyrir fordómum gagnvart sér en þó höfðu konurnar tvær sem eru talsvert öðruvísi í útliti en hinn dæmigerði Íslendingur, með skásett augu og dökka húð, fundið fyrir fordómum. En það höfðu í öllum tilfellum verið unglingar og þær sögðust ekki hafa tekið það nærri sér. Í umræðunni um fordóma kom þó fram hjá nokkrum að þeir sögðust vera fegnir að líta út eins og hinn dæmigerði Íslendingur til þess að lenda ekki í fordómum og aðspurðir sögðust nokkrir hafa orðið varir við fordóma en þeir höfðu aldrei beinst að þeim. Þannig sagðist einn hafa fengið þá tilfinningu að hann væri farinn að tilheyra samfélaginu þegar: „Ég var stoppaður af Íslendingi og spurður til vega hér á Akureyri, þetta bjargaði deginum hjá mér, ég var svo ánægður með að vera tekinn í misgripum fyrir Íslending“.

Þó sögðust nokkrir verða varir við fordóma gagnvart hópum útlendinga, þannig fannst nokkrum að lítið væri niður á þá útlendinga sem kæmu hingað að vinna t.d. í fiski. Einnig var rætt um að heyra mætti mikið af orðum og frösnum sem taka mætti sem fordómum. Sem dæmi ná nefna

orðið hrísgrjónabörn (börn með skásett augu) og póstrúður (eiginkona pöntuð í póstinum).

### 3.5 Sýn viðmælenda á stöðu nýbúa á Íslandi

Í mörgum samtölum var komið inn á hvaða tilfinningu nýbúar hefðu gagnvart Íslandi og þá meðal annars stöðu útlendinga á Íslandi. Þannig kom fram að nýbúar yrðu ekki varir við mikla beina fordóma gagnvart öðrum útlendingum og skipti þá ekki máli hvort menn væru öðruvísi í útliti eða ekki.

Áhugaverð atriði voru nefnd í þessu sambandi. Nokkur stóðu upp úr og verður tæpt á þeim hérna. Annars vegar var það umræðan um t.d. fólk sem kæmi hingað til að vinna í fiski. Það kemur hingað til að ná sér í pening og þá yfirleitt í stuttan tíma og vilja vinna eins og hægt er og eru tilbúnir að búa við þröngan kost á meðan til að safna sem mestum pening. Þar með sé oft litið niður á þá fyrir að setta sig við að búa t.d. tveir eða tvær saman í herbergi og jafnframt er þá álitnið að svona sé þetta í þeirra heimalandi. En fólk átti sig ekki á því að hugsað sé til skamms tíma og þetta séu ekki endilega aðstæður sem menn eru tilbúnir að búa við til lengri tíma en láti sig hafa það til skemmri tíma til að fá sem mestan pening út úr því. Þó séu Íslendingar oft að gera lítið úr þeim þess vegna.

Hins vegar var það umræðan um íslenska karlmenn sem giftast erlendum konum. Þar kom það fram að íslenskar konur væru langvelflestar mjög sjálfstæðar konur, menntaðar (íslenska skyldunámið oft mun lengra nám en er í boði í mörgum löndum), líta vel út og láti ekki bjóða sér hvað sem er. Það sé svo ákveðinn hópur íslenskra karla sem geti ekki náð í þær íslensku konur sem þeir vilja og þegar það sé komið á daginn þá snúi þeir sér að útlenskum konum, nái sér í eina slíka og halda þar með að þeir hafi leyfi til að fara með þær hvernig sem þeim sýnist. Þeir komi fram við þær eins og þeim myndi aldrei detta í hug að koma fram við íslenskar konur,

geri grín að þeim, beiti þær andlegu ofbeldi og oft á tíðum jafnvel líkamlegu líka.

Þegar nýbúarnir voru að skoða íslenska samfélagið þá komu íslensk börn og ungmenni oft inn í umræðurnar og yfirleitt vegna þess að nýbúunum fannst allt að því ótrúlegt hver íslensk æska væri oft á tíðum dónaleg og ókurteis við sér eldra fólk og jafnvel við kennara sína líka. Sumum fannst börnin hafa allt að því of mikinn rétt því lítið væri hægt að gera til að ná aga yfir þeim. Börn væru þannig að grípa fram í fyrir kennurum og óhlýðnast þeim.

Einnig fannst fólki farsíma notkun og bílanotkun hreint með ólíkindum. Fólk labbaði bara ekki neitt, jafnvel ekki í vetur þegar veðrið hefði verið eins gott og raun bar vitni.

### 3.6 Aðlögunarreynslan

Það virtust allir nýbúarnir vera búnir að koma sér nokkuð vel fyrir. Allir voru í vinnu, þ.e. allir sem voru með leyfi til þess og allir með fjölskyldu í einhverri mynd. Þó var fólkið almennt ekki á því að það væru komið inn í íslenskt samfélag þrátt fyrir að hafa verið hér í dálítinn tíma og vera jafnvel komið með íslenskan ríkisborgararétt. En það vantaði mikið upp á að fólk þekkti samfélagið og hefðirnar og venjurnar sem hér gilda, hvað þá að það væri með réttindi sín og skyldur á hreinu.

Þó ekki sé hægt að gera ráð fyrir því að Íslendingar almennt séu mjög meðvitaðir um réttindi sín og skyldur gagnvart hinu opinbera þá vantar talsvert upp á að nýbúar þekki þessi mál. Þannig kom það í ljós að nýbúarnir voru fæstir með lögum um dvalarleyfi og vinnuleyfi á hreinu. Í samtölunum komu oft fram rangar hugmyndir sem fólk hafði um lögum. Einn sagði eitt og sá næsti akkúrat öfugt. Einnig var þekking margra á sjálfsögðum hlutum eins og skattkorti og stéttarfélögum ekki á hreinu. Í því sambandi má velta fyrir sér hvort stéttarfélög hafi ekki einnig skyldum að gegna gagnvart félagsmönnum sínum, íslenskum sem erlendum að

kynna þeim réttindi sín og helstu atriði sem launþegi ætti að kunna skil á s.s. skattkort og orlof. Þannig þyrftu stéttarfélög ef til vill að gera meira en þau gera nú í því að kynna nýbúum réttindi þeirra. Ekki þar með sagt að nýbúar eigi að njóta aðstoðar umfram Íslendinga en þó verður að taka tillit til þess að meðan nýbúar hafa ekki vald á íslensku þá hafa þeir ekki sömu tækifæri og Íslendingar til þess að leita upplýsinga um réttindi sín í rituðu máli, á prenti eða á veraldarvefnum.

Það er greinilegt að margir af viðmælendum mínum vita ekki hvernig ýmsir hlutir virka á Íslandi. Þannig hafa mörg viðtölin snúist að mörgu leyti um að svara fyrirspurnum frá nýbúunum um hvernig hlutirnir virka hér á landi. Það bendir til þess að þau hafi ekki lesið bæklinginn sem útlendingar eiga að fá, eða að þau hafi hreinlega ekki fengið hann eða að hann sé ekki nægjanlega ítarlegur.

En það er þó vert að minnast á það að miklar breytingar hafa orðið að lögum og reglum um málefni nýbúa á síðustu árum og ef til vill hafa ekki allir nýbúarnir eða þeir sem tengjast þeim náð að fylgjast með þeim breytingum sem orðið hafa, jafnvel þótt það séu atriði sem snerti þá sjálfa og geti því haft áhrif á aðstæður þeirra.

Nýbúarnir voru flestir búnir að læra það að á Akureyri getur skipt miklu að maður þekki mann sem þekkir mann og svo framvegis. Þannig höfðu allir fengið einhverja hjálp við það að komast inn í kerfið, fá atvinnu eða þess háttar í gegnum kunningja. Einnig hafði verið nokkuð um það að þegar mál nýbúanna gengu eitthvað hægt að mati þeirra sem stóðu þeim næstir þá var leitað til aðila sem voru í betri aðstöðu til að setja þrýsting á að málin gengju hraðar fyrir sig. Þannig voru yfirmenn fyrirtækja sem makar nýbúanna unnu hjá í nokkrum tilfellum fengnir til að hringja og ýta á eftir málum nýbúanna. Þeir makar nýbúa sem rætt var við vildu meina að í þessu eins og svo mörgu öðru þá væri það klíkuskapurinn sem virkaði best.

Hvernig nýbúunum gekk að aðlaga sig íslensku samfélagi hafði meira með það að gera hversu duglegir nýbúarnir sjálfir voru að leita sér upplýsinga

heldur en hversu mikið af upplýsingum var komið til þeirra af opinberum aðilum. Þannig voru nokkrir sem voru í vinnu, töluðu hrafl í íslensku og umgengust bara fólk frá heimalandi sínu og voru sáttir með það. Fannst þeir ekki þurfa að gera meira til að láta sér líða vel eða falla betur inn í íslenskt samfélag. Þeim virtist nægja að hafa vinnu og halda sem mest í hlutina úr sínu heimalandi með því að umgangast fólk úr heimalandinu, elda mat sem er dæmigerður fyrir heimalandið og fleira í þeim dúr.

Aðrir gerðu hins vegar sitt besta til að falla inn í samfélagið á Íslandi. Þeir lögðu sig fram um að læra íslenskuna og geta talað hana sem innfæddir. Reyndu að kynnast íslendingum og umgangast þá og vildu upplifa þá siði og venjur sem tíðkast hérlendis og eru séríslensk fyrirbæri.

Heilt á litið þá virtist nýbúunum líða vel hérna á Akureyri og höfðu sjálfir skapað sér það félagslega umhverfi sem þeir vildu hafa. Þrátt fyrir að hafa ekki allir upplýsingar um hvert ætti að leita ef eitthvað bjátaði á, þá áttu þeir allir vini sem myndu geta hjálpað þeim ef eitthvað kæmi upp á.



## 4 Nokkrar hugleiðingar

Þegar unnið er að verkefni fæðist fljótlega tilfinning fyrir því. Svo var einnig í þessu og varð jafnvel meiri en í hefðbundnum verkefnum. Þar sem mikið af viðtölunum, sem tekin voru fyrir þessa rannsókn, áttu sér stað á heimili viðmælenda gafst tækifæri til að fylgjast með viðmælendum í sínu eigin umhverfi, ef svo má að orði komast, á heimili þeirra. Í um helmingi tilfella virtist viðmælandinn vera nákvæmlega sá sem hann sagði frá í viðtalinu, en í hinum helmingnum virtist annað vera uppi á teningnum. Þannig virtist fólkið leitast við að segja allt gott um Ísland og sérstaklega Akureyri, en umfram allt að vera sammála öllu sem spyrjandi sagði. Oft var eins og viðmælendur litu á þetta sem próf og þeir næðu með því að vera eins jákvæðir og þeir gátu.

Það voru flestir ánægðir með að vera á Akureyri, en nokkrir virtust þó hálf umkomulausir, þrátt fyrir að eiga maka héraendis. Það kann að stafa af öryggisleysi þar sem flestir viðmælendurnir höfðu verið hér í tiltölulega stuttan tíma. Það er líklega erfitt að byrja nýtt líf, í nýju landi þar sem það stuðningsnet sem viðkomandi þekkir, fjölskylda, samfélag og venjur innan þess, er ekki til staðar. Ennfremur þarf að aðlaga sig að nýju samfélagi, oft á tíðum nýrri fjölskyldu og læra nýtt tungumál.

Sá mikli munur sem er á milli nýbúanna eftir því hvaða landi þau koma frá var nokkuð undrunarefni. Þannig hafði verið lítið mál fyrir þá sem voru frá Evrópu eða Bandaríkjunum að koma inn í landið og ennfremur þá var einfalt fyrir þá að fá ættingja sína í heimsókn. Þeir sem voru svo annars staðar frá höfðu þurft að standa í mikilli pappírsvinnu til að koma inn í landið og stóðu flestir í miklu stappi, sem ekki var séð fyrir endann á, við að reyna að fá ættingja sína í heimsókn. Þetta virtist hafa mest með Schengen-svæðið að gera og því ekki eingöngu við íslensk yfirvöld að sakast þar sem þau ráða ekki ein hverjum er hleypt inn í landið og þar með á Schengen-svæðið.

Sú tilfinning gerði vart við sig að þeir nýbúar sem hefðu haft Íslending eða einhvern íslenskumælandi með sér hefðu verið álitnir fullfærir um að

bjarga sér upp á eigin spýtur. Þess vegna hafi þeir ekki fengið meiri upplýsingar frá starfsmönnum, í flestum tilvikum starfsmönnum Akureyrarbæjar, í einhverju formi en raun bar vitni.

Nokkuð áberandi var hversu mikið spyrjandi lenti í því að svara spurningum frá viðmælendum. Það var í nokkrum viðtölum að opnaðist fyrir flóðgátt hjá fólki og spurningarnar flæddu út og þær voru af ýmsum toga. Spurningarnar voru um atvinnuleysi á Íslandi, hagkerfið, skattkortin, fyrirkomulag á sjúkrahúsum við meðgöngu og fæðingu, námsbrautir í framhaldsskólum, inngönguskilyrði í háskóla á Íslandi, skilyrði til bílprófs og fleira og fleira. Flest atriðin sem spurt var um eru atriði sem liggja frekar ljóst fyrir þeim Íslendingum sem hafa einhverja reynslu af þeim en þetta var nýbúunum sem lokuð bók. Jafnvel þótt þetta séu atriði sem ætti að vera auðvelt að afla sér upplýsinga um þá hafa nýbúar engan grunn til að byggja á varðandi það hvert eigi að snúa sér til að afla þessara upplýsinga.

Það kom einnig í ljós að þegar makar nýbúanna komu inn í samtölin þá kom í ljós að talsvert var um að þeir höfðu ekki réttar upplýsingar um hluti sem varða málefni nýbúa. Enda er raunin sú að reglugerðir og lög um málefni nýbúa hafa verið í örri þróun og lög og reglur sem voru í gildi þegar nýbúinn kom inn í landið ef til vill ekki lengur í gildi. En hvers vegna makar nýbúanna hafa ekki nýjustu upplýsingar er ekki gott að segja, kannski stafar það af áhugaleysi eða eftirtektarleysi, menn hafa ef til vill ekki hugmynd um að lögunum og reglunum hafi verið breytt.

Varðandi sýn viðmælenda á stöðu nýbúa á Íslandi er ágætt að hafa í huga málsháttinn, *glögg er gests augað*. Jafnvel þótt nýbúar séu ekki gestir heldur íbúar þá verður því ekki neitað að þeir hafi til að byrja með sýn gestsins á samfélagið sem þeir eru nýkomnir inn í.

Sýn þeirra varðandi það hvernig litið er á erlenda fiskvinnslufólkið sem og erlendu konurnar sem giftast íslenskum mönnum vekur upp margar spurningar. Eru duldir fordómar gagnvart nýbúum meiri heldur en hinn almenni Íslendingur heldur og sýna Íslendingar fordóma í verki en halda

að þeir séu fordómalausir? Þessu er ekki gott að svara en spurning hvort þetta sé nokkuð sem nýbúarnir geta sagt okkur ef við leggjum okkur fram um að tala við þá og fá að vita hjá þeim hvernig þeir sjái Íslendinga og hvernig sjá þeir nýbúa á Íslandi. Það er verðugt athugunarefni.

Höfundur fékk þá tilfinningu að þær konur sem komu hingað til að ganga í hjónaband hafi engan sérstakan áhuga á íslensku samfélagi eða að aðlagast hér. Þær töluðu litla sem enga íslensku, voru ekki að læra hana og umgengjust bara fólk frá sínu heimalandi sem oft á tíðum voru vinkonur þeirra frá barnæsku. Ein kemur fyrst og vinnur í því að fá vinkonur sínar hingað, kemur þeim í samband við íslenska karlmenn og þær koma hingað með hjónaband í huga. En þó var ekki hægt að fá neinar upplýsingar hjá þeim um það hvers vegna þær sóttu það fast að koma hingað. Sjálfsagt bíður margra þeirra betra líf hér á Íslandi en í heimalandi þeirra en þó eru undantekningar á því eins og sannaðist á einum af viðmælendunum í þessari rannsókn. En hún giftist Íslendingi sem hélt að hann gæti farið með hana eins og honum sýndist, láta hana vinna fyrir þeim og svo framvegis.

Af þeim sem rætt var við virtist bara ein vera einangruð að einhverju marki. Enda átti sú í miklum tungumálaerfiðleikum þ.e. talaði nánast enga íslensku, enga ensku og maðurinn hennar talaði ekki hennar mál.

Hafa verður í huga að þrátt fyrir að nýbúar séu oft hálf bjargarlausir í upphafi þá verður að ýta undir sjálfstæði þeirra þannig að þeir verði sjálfbjarga en ekki þannig að þeir þurfi í sífellu aðstoð og krefjist meiri tíma, og athygli af hendi opinberra starfsmanna, heldur en þeir sem eru innfæddir íslendingar.

Þannig kom það fram meðal nokkurra viðmælendanna að þeim fyndist þeir ekki fá nóga þjónustu hjá hinu opinbera jafnvel þótt hjálpin sem þeir nytu nú þegar væri mun meiri heldur en hinn almenni íslendingur ætti kost á. Í því sambandi má velta fyrir sér hvort búið sé að koma nýbúunum upp á lagið eða hvort þeir séu virkilega svo bjargalausir að þeir þurfi svo mikla aðstoð sem raun ber vitni.

Menn virtust líka oft verða viðkvæmari fyrir því að þegar um málefni nýbúa væri að ræða að þá var allt að fara á versta veg ef ekki var hægt að fá þjónustu nákvæmlega á þeim stað sem fyrst var leitað til. Það hafa líklega margi Íslendingar lent í því að vera að leita eftir þjónustu hjá hinu opinbera og fara á þá skrifstofu sem þeir halda að veiti þjónustuna til þess eins að komast að því að þeir þurfi að fara í hinn enda bæjarins á aðra skrifstofu sem veitir þessa þjónustu eða þá að viðkomandi skrifstofa er ekki viss um hver eigi að veita þessa tilteknu þjónustu eða aðstoð. En þegar svona mál kom upp meðal nýbúanna var því tekið afskaplega illa og stundum jafnvel gefið í skyn að fólk væri ekki starfi sínu vaxið eða jafnvel haldið duldem fordómum gagnvart nýbúum. En þegar menn ætla að gerast Íslendingar þá verða þeir að vera tilbúnir að fara inn í allan pakkann sem þýðir þá að glíma líka við opinbera starfsmenn sem eru eins misjafnir og þeir eru margir.

Það verður einnig að vera á hreinu að þótt það sé meira en sjálfsagt að hjálpa nýbúum og veita þeim alla mögulega aðstoð við að aðlagast íslenska kerfinu þá eiga þeir, eins og aðrir að læra á kerfið, og verða sjálfbjarga innan þess.

Ef viljinn er fyrir hendi þá á að vera hægt á tveim árum að læra nýtt mál og læra á nýtt kerfi til að verða sjálfbjarga í því og geta bjargað sér eins og hver annar Íslendingur. Þegar nýbúar fá alla mögulega hjálp til að byrja með þá verða þeir að launa það með því að sýna viðleitni til þess að verða sjálfbjarga og verða starfhæfir í kerfinu.

Hvað þetta varðar þá er vert að benda á að í nýbúadeild grunnskólanna á Akureyri er reiknað með að á tveimur árum eigi börn nýbúa að ná færni þannig að þau geti gengið inn í almennan bekk með íslenskum börnum. Ekki er því ósanngjörn krafa að eftir tveggja ára búsetu í landinu með umtalsverðri aðstoð eigi fullorðnir nýbúar að vera nokkuð færir til að verða starfhæfir inni í íslensku samfélagi.

## 5 Lokaorð

Hugarfar þeirra sem til landsins flytjast hefur nánast allt með það að gera hvernig fólki gengur að aðlagast. Þrátt fyrir að þeim standi víðtæk aðstoð til boða við að aðlagast í landinu þá er það hugarfarið og viljinn til að aðlagast sem skiptir mestu máli varðandi aðlögunina.

Þannig mátti sjá nýbúa sem höfðu enga opinbera hjálp fengið og ekki farið á neitt íslenskunámskeið, vera nánast flugmæliskir á íslensku og vel starfhæfir í íslenska samfélaginu. Svo voru nýbúar sem höfðu fengið víðtæka aðstoð, farið á mörg íslenskunámskeið og voru nánast jafn langt frá því að vera starfhæfir í íslenska samfélaginu og þeir voru daginn sem þeir komu til Akureyrar.

Flestir þeir sem rætt var við höfðu verið á landinu í svipaðan tíma, en íslenskukunnátta þeirra var mjög misjöfn. Allt frá því að tala lýtalausa íslensku og yfir í það að tala einstaka orð í málinu þrátt fyrir búsetu hér sem nemur allt að þrem árum. En menn virtust misáhugasamir að læra málið og sumum fannst nóg að geta bjargað sér á ensku meðan aðrir litu á íslenskuna sem eins konar inngönguþraut í íslenskt samfélag, með því að ná tókum á henni þá væru þeim allir vegir færir á Íslandi.

Sú reyndist líka vera raunin með viðmælendurna í þessari rannsókn. Þeir sem höfðu náð valdi á íslenskunni eða voru áhugasamir íslenskunemendur, þeim gekk betur í samfélaginu heldur en hinum sem sögðust ekki hafa tíma eða orku til að stunda íslenskunám.

Þó það megi teljast sjálfsagt að nýbúar segi ekki skilið við það umhverfi sem þeir ólust upp í að öllu leyti þannig að þeir haldi í heiðri ýmsum siðum og venjum sem þeir áttu að venjast í sínu landi þá er það þó skoðun margra þeirra að: „ finnst mikilvægt að þar sem ég kem sem gestur í upphafi inn í þetta land, þá sé það mitt að aðlaga mig að því en ekki að aðlaga landið að mér”.